

---

**F U N D A R G E R Ð**

|                      |  |
|----------------------|--|
| <b>Fundur:</b>       | <b>Raforkuhópur 2001-07</b>  |
| <b>Fundartími:</b>   | <b>Þriðjudagur 6. nóvember 2001 kl. 13:30</b>  |
| <b>Fundarstaður:</b> | <b>Orkustofnun, Grensásvegi 9</b>  |
| <b>Fundarefni:</b>   | <b>1) Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins.<br/>2) Endurreikningur raforkuspár.<br/>3) Verkefni ársins 2002 og fyrirkomulag vinnu.<br/>4) Undirbúningur að endurskoðun raforkuspár.<br/>5) Önnur mál.</b> |

---

Á fundinn mættu:

|                      |  |
|----------------------|--|
| Raforkuhópurinn:     | Guðmundur Guðmundsson<br>Agnar Árnason<br>Ívar Þorsteinsson<br>Eiríkur Bogason<br>Jakob Ólafsson |
| Verkfræðistofan Afl: | Jón Vilhjálmsson   |

- 1) JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 4,5% frá fyrra ári. Flutningstöp hafa aukist um 11,7% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur minnkað um 15,7%. Stórnotkun vex um 5,7% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar vex um 2,3%. Forgangsorta vex um 2,1% og sala á ótryggðri orku jókst um 1,1%. JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en þriðji ársfjórðungur var heldur hlýrri en á síðasta ári eða 10,5°C í stað 10,3°C. Aukning notkunar er meiri eftir hitastigsleiðréttingu og þar að auki kemur leiðrétting á árinu 2000 vegna hlaupárs. Leiðrétt notkun almennrar forgangsortu eykst um 2,9% á fyrstu níu mánuðum ársins. JV sagði að aukningin á þriðja ársfjórðungi væri mun meiri en á fyrri helmingi ársins og kæmi þetta fram hjá öllum veitum sem kaupa af Landsvirkjun nema Norðurorku. Hann sagðist ekki hafa skýringu á þessu. Minni ferðlög erlendis gæti verið ein skýring en slík ætti ekki að hafa þetta mikil áhrif og einnig hefur tilkoma Smáralindar einhver áhrif. Nokkuð var rætt um þetta en fundarmenn höfðu enga frekari skýringu á þessu og ætla

að hugleiða þetta til næsta fundar. Hann fjallaði um þróunina hjá einstökum veitum á fyrstu níu mánuðunum og er aukningin í forgangsorku eftirfarandi: Hitaveita Suðurnesja (1,6%), Rafveita Hafnarfjarðar (5,7%) og Orkuveita Reykjavíkur (4,2%), Rafmagnsveitur ríkisins (-1,7%), Norðurorka (4,2%) og Orkubú Vestfjarða (-0,3%). GG benti á að það vantaði vinnslu Rafmagnsveitna ríkisins á varastöðvum á þessu ári þannig að minnkunin væri í raun ekki þetta mikil.

- 2) JV sagði að endurreikningi raforkuspár væri lokið og skýrslan komin á netið. Skýrslan var skoðuð á Internetinu.
- 3) Fundarmenn voru sammála um að endurskoða raforkuspána á næsta ári. Sú tillaga verður væntanlega afgreidd á næsta fundi Orkuspárnefndar í næstu viku. Engar athugasemdir komu við áætlunina sem dreift var á síðasta fundi. EB lagði til að hætt yrði að dreifa gögnum á fundunum heldur væri þeim varpað upp á vegg og skoðuð þannig. Helstu gögn hópsins eru síðan aðgengileg á heimasíðu hans. Þetta var samþykkt.
- 4) JV sagði að huga þyrfti vel að almennum forsendum við endurskoðun raforkuspár. Fundarmenn voru sammála um að koma þyrfti söfnun gagna um afl í betra horf hjá Hitaveitu Suðurnesja og þyrfti nefndin að beita sér í því máli.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:10. Næsti fundur ákveðinn 4. desember 2001.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Raforkunotkun 2001, fyrstu níu mánuðir ársins. (JV)
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, fyrstu níu mánuðir ársins. (JV)